



ÞÓRUSTAÐIR II STOFNFUGLABÚ – TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Umhverfisskýrsla skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana

26.10.2018



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

1877-012-MAT-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 11

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Sveinn Jónsson

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

LYKILORÐ

Deiliskipulag, tillagað að deiliskipulagi, umhverfisskýrsla, stofnfuglabú, hæsnahús,

STAÐA SKÝRSLU

- Í vinnslu
 Drög til yfirlstrar
 Lokið

DREIFING

- Opin
 Dreifing með leyfi verkkaupa
 Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Þórustaðir II stofnfuglabú – tillaga að deiliskipulagi

VERKHEITI

Umhverfisskýrsla fyrir breytingar á deiliskipulagi Þórustaða II.

VERKKAUPI

Matfugl

HÖFUNDUR

Andri Rafn Yeoman

ÚTDRÁTTUR

Greinagerð þessi er umhverfisskýrsla vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Þórustaði II í Ölfusi. Skýrslan er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í dag er starfrækt stofnfuglabú á svæðinu og hefur verið þar í hátt á annan áratug. Fyrirhugað er að byggja tvö ný hæsnahús og samhliða því að gera breytingar á núverandi starfsemi búsins. Þeir umhverfisþættir sem metnir eru í skýrslunni eru: Loftgæði, úrgangur, frárennsli og menningarminjar. Niðurstaðan er sú að ekki verði veruleg umhverfisáhrif af völdum deiliskipulagsins.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Andri Rafn Yeoman	25.10.18	Friðrik K. Gunnarsson	25.10.18	Ólafur Árnason	25.10.18
	Umhverfisskýrsla					

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Almennt	5
1.2	Staðhættir	5
1.3	Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022	5
1.4	Starfsemi og gildandi starfsleyfi	6
1.5	Viðmið	6
1.6	Valkostir	7
2	UMHVERFISMAT	8
2.1	Loftgæði	8
2.2	Úrgangur	8
2.3	Frárennsli	8
2.4	Annað	9
3	SAMANTEKT OG NIÐURSTAÐA	10
3.1	Samantekt umhverfisáhrifa	10
3.2	Vöktun	10
3.3	Niðurstaða	10
4	HEIMILDASKRÁ	11

1 INNGANGUR

1.1 Almennt

Umhverfisskýrsla er unnin skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana [1]. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að stefna skipulagsins hafi áhrif á og mótvægisáðgerðir ef við á.

Fyrirhugaðar eru breytingar á starfsemi stofnfuglabús við Þórustaði II í Ölfusi. Samhliða fyrirhuguðum breytingum er unnið að tillögu um breytingu á deiliskipulagi svæðisins og er því þörf á umhverfisskýrslu. Á jörðinni í dag er starfrækt stofnfuglabú með fjórum alifuglahúsum. Auk alifuglahúsanna er á svæðinu að finna íbúðarhús og hesthús. Til stendur að byggja tvö ný hæsnahús, aðstöðu fyrir þau og tengigang við núverandi starfsemi. Þegar fyrirhuguð hæsnahús hafa verið tekin í fulla notkun munu verða gerðar breytingar á starfsemi annarra hæsnahúsa og verður m.a. starfsemi í einu þeirra hætt. Nánari lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum deiliskipulagsvæðisins má sjá í deiliskipulaginu sjálfu, þar má m.a. finna upplýsingar um stærð núverandi og fyrirhugaðra húsa, byggingareits o.s.frv. Um töluverða stækkun á húsakostum er að ræða þar sem samanlögð stærð alifuglahúsanna er í dag 3.997 m² en getur orðið allt að 7.350 m² eftir breytingar [2].

Þar sem einungis er um óverulega breytingu á núverandi starfsemi og fjölda fugla að ræða er ekki metið að umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif fylgi skipulagsáætluninni. Þeir þættir í starfseminni sem deiliskipulagið tekur til og taldir eru valda áhrifum eru:

- Lykt
- Magn búfjáraburðar
- Frárennsli

1.2 Staðhættir

Þórustaðir II afmarkast af Þórustöðum I til vestur og suðurs, jörðinni Árbæ til norðurs og Ölfusá til austurs. Skipulagssvæðið liggur því að Ölfusá en fyrirhugaðar nýbyggingar eru þó fjær ánni en tvö þeirra hæsnahúsa sem eru í notkun í dag [2].

Lóðin og skipulagssvæðið er í heild 51,6 hektari. Þar er að mestu að finna framræst land sem hefur verið mótað og nýtt undir landbúnað. Næst Ölfusá er að finna landsvæði sem er að mestu leyti óraskað. Þó ber að hafa í huga að tvö hæsnahús sem falla undir núverandi starfsemi eru staðsett í um rúmlega 100 m fjarlægð frá ánni. Ekki stendur til að raska því svæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda, enda eru nýbyggingar fjær Ölfusá en núverandi starfsemi. Svæðið í heild sinni ber sterk ummerki um rekstur núverandi stofnfuglabús.

1.3 Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022

Skipulagssvæðið sem um ræðir er innan aðalskipulags Ölfuss sem gildir frá árinu 2010 til 2022. Þar kemur fram að eitt að meginmarkmiðum skipulagsins í heild sinni sé að stuðla að hagkvæmri þróun

byggðar, m.a. með að skapa sem best skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf og með því að gera svæðið eftirsóknaravert. Að auki er markmið skipulagsins að styðja við að stundaður verði landbúnaður á núverandi bújörðum og á þeim standi til boða eðlilegir þróunarmöguleikar, líkt og á við í fyrirhuguðum skipulagsáætlunum á landi Þórustaða II [3].

Skv. aðalskipulaginu er svæðið skilgreint sem landbúnaðarland. Í greinagerð skipulagsins er sérstaklega fjallað um landbúnað og m.a. alifugla, þar kemur fram að fjöldi alifugla sé mjög sveiflukennður og hefur starfsemi hvers og eins kjúklingabús mikil áhrif á fjölda þeirra [3].

Ekki er í gildi eldra deiliskipulag fyrir svæðið.

1.4 Starfsemi og gildandi starfsleyfi

Starfrækt hefur verið stofnfuglabú á Þórustöðum II frá árinu 2004. Eins og áður hefur komið fram er samanlögð stærð alifuglahúsa á skipulagssvæðinu í dag 3.997 m². Í dag skiptist starfsemin niður í annars vegar eitt uppeldishús fyrir stofnfugla þar sem rúmast um 10.000 fuglar og hins vegar þrjú varphús fyrir allt að 15.600 fugla.

Í gildi eru tvö starfsleyfi fyrir rekstur stofnfuglabús á landi Þórustaða II. Annað frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem gefið var út árið 2010 og gildir til ársins 2022 [4]. Starfsleyfi miðast við alifuglarækt með færri en 40.000 stæði. Í starfsleyfisskilyrðum leyfisins er talað um að á svæðinu séu um samtals 25.600 fuglar á búinu á sama tíma. Vegna fyrirhugaðra breytinga mun fjöldi stæða aukast tímabundið en að framkvæmdum loknum mun stæðum fækka aftur og óverulega breyting verða á fjölda fugla. Þar að auki verður starfsemi búsins, að stærstum hluta, óbreytt. Er því fjöldi stæða innan gildandi starfsleyfis, þ.e. alifuglarækt með að hámarki 40.000 stæðum.

Einnig er í gildi starfsleyfi frá Matvælastofnun sem nær annars vegar til alifuglastofnbús þar sem færri en fjögur stofnhús eru til staðar og hins vegar til stofnfugla uppeldis [5]. Leyfið var gefið út árið 2013 og gildir til ársins 2027. Þar sem fjöldi stofnhúsa fer yfir þann fjölda sem tilgreindur er í núverandi starfsleyfi Matvælastofnunar verður sótt um starfsleyfi fyrir nýju stofnhúsin, áður en þau verða tekin í notkun.

1.5 Viðmið

Þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar matinu eru auk starfsleyfis búsins og markmiða aðalskipulags um landbúnaðarsvæði talin upp í eftirfarandi töflu:

Viðmið/umhverfispáttur	Lykt	Skítur/búfjáraburður	Frárennsli	Minjar
Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp			X	
Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns			X	
Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri		X		
Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði	X			
Lög um menningarminjar nr. 80/2012				X
Starfsreglur um góða búskaparhætti (Umhverfisstofnun, 2002)	X	X	X	

Að auki, eins og áður segir, byggir starfleyfi starfseminnar á ýmsum reglugerðum sem ekki eru notuð sem bein viðmið við gerð umhverfisskýrslunnar.

1.6 Valkostir

Ekki eru aðrir valkostir skoðaðir en sá sem skýrslan fjallar um, þ.e. uppbygging og endurnýjun á núverandi starfsemi. Fyrirhuguð framkvæmd er borin saman við núllkostinn, þ.e. að ekkert verði aðhafst á svæðinu. Ljóst er að óbreytt ástand felur í sér áframhaldandi starfsemi stofnfuglabús eins og það er í núverandi mynd.

2 UMHVERFISMAT

Út frá umfjöllun um starfsemi núverandi stofnfuglabús og fyrirhugaðra breytinga á starfseminni, er lagt mat á eftirfarandi umhverfisþætti:

2.1 Loftgæði

Í dag verður ekki vart við lyktarónæði frá núverandi húsum eða þeirri starfsemi sem fer fram á svæðinu. Ný hús verða búin öflugum loftræstibúnaði og mun búnaðurinn sjá til þess að loft haldist þurr þannig að ammoníak gildi verði haldið í lágmarki. Með slíkum búnaði er stuðlað að því að viðhalda góðum loftgæðum, bæði innan- og utanhúss. Nú þegar hefur loftræstibúnaður veruð endurnýjaður í eldri stofnfuglahúsum og hefur það sýnt fram á aukin loftgæði. Því hefur myndast reynsla á þann búnað sem fyrirhugað er að nota í nýbyggingum. Samhliða því að slíkur búnaður viðhaldur loftgæðum, lágmarkar hann lykt sem getur borist frá húsum. Samræmist það þar af leiðandi megin markmiðum reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði auk starfsleyfisskilyrða í núverandi starfsleyfi. Gert er ráð fyrir því að rúmt verði í hæsnahúsum og verður því styrkleiki lyktar við uppsprettu minni en ef þéttara er í húsunum. Með því er einnig reynt að sjá til þess að skíturinn haldist þurr sem minnkar hættu á að lykt myndist. Að auki verður stuðst við viðmið núverandi starfsleyfis er varða hreinsun á húsum og búnaði sem fylgir starfseminni. Ger er ráð fyrir að húsin séu tæmd á um 40 vikna fresti. Út frá ofangreindu atriðum eru því áhrif áætlunarinnar á lykt metin jákvæð. Þá er miðað við óbreytt ástand þ.e. að engin breyting verði frá núverandi rekstri og því verði ekki sett upp skilvirkari loftræstibúnaður.

2.2 Úrgangur

Ráðstöfun og dreifing á skít er í samræmi við gildandi starfsleyfi þar sem kemur fram að hæsnaskítur sé nýttur sem áburður á tún. Reynt er að bera skítinn á tún eins fljótt og kostur er. Ef það er ekki möguleiki er skíturinn geymdur í lokuðum gámum sem eru staðsettir á þar til gerðu gámaplani. Venjan er hins vegar sú að skíturinn er fluttur jafn óðum frá búinu til bænda sem óska eftir honum til áburðagjafar. Ekki er gert ráð fyrir mikilli aukningu á skít sem dreift verður á túnin næst búinu. Geymsla og dreifing á skítum er og verður í samræmi við gildandi starfsleyfi, starfsreglur um góða búskaparhættu og reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarnefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Annar rekstrarúrgangur er sóttur af Gámaþjónustu suðurlands og eru engar breytingar fyrirhugaðar á fyrirkomulagi þess. Áhrif skipulagsins á myndun úrgangs eru metin óveruleg og áhrif á ráðstöfun skíts eru metin engin, þ.e. honum veður ráðstafað líkt og við núverandi starfsemi. Við óbreytt ástand verður engin breyting frá núverandi rekstri þar sem áfram verður farið eftir gildandi starfsleyfi og haldast því áhrifin óbreytt.

2.3 Frárennsli

Í tillögu að deiliskipulagi eru setir fram skilmálar um hreinsun frárennslis í a.m.k. 15.000 lítra settanki sem mun anna frárennsli frá búinu. Er það sambærileg meðhöndlun og er við núverandi starfsemi. Í settankinum sest fast efni til botns og vatn er leitt í gegnum siturlangir út í siturbeð. Botnfallinu í

settankinum er svo dælt upp eftir þörfum. Stuðst er við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð um nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns til viðmiðunar auk gildandi starfsleyfis. Áhrif skipulagsins á fráveitumál eru því metin óveruleg vegna þeirra ráðstafana sem gerðar eru vegna starfseminnar og vegna þess að óveruleg breyting er á frárennsli miðað við núverandi starfsemi.

2.4 Annað

Þörf er að taka tillit til hugsanlegra áhrifa á aðra þætti, eins og menningarminja, vegna fyrirhugaðra skipulagsáætlana. Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um fornminjar á svæðinu í tillögu að deiliskipulagi. Framkvæmdin mun ekki koma til með að hafa áhrif á þær minjar. Um er að ræða minjar merktar nr. 491:10-12 sem njóta hverfisverndar skv. aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 [3]. Er það heimild um bústað frá 1500 og ýmsar aðrar minjar tengdar bústaðnum. Ganga þarf úr skugga um að þeim sé ekki raskað við framkvæmdir sem skipulagstillagan nær til áður en þær hefjast. Finnist áður ókunnar minjar skulu framkvæmdir tafarlaust stöðvaðar og haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga um menningarminjar [6].

Að auki gerir deiliskipulagið ráð fyrir þjónustu- og eggjahúsi sem anna eiga fyrirhuguðum hæsnahúsum ásamt tengigangi við núverandi alifuglahús. Umhverfisáhrif vegna þessara húsakosta eru ekki talin vera umfram þau sem umfjöllunin hefur þegar náð til, enda einungis um nauðsynlegan hluta starfseminnar að ræða.

3 SAMANTEKT OG NIÐURSTAÐA

3.1 Samantekt umhverfisáhrifa

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs skipulags:

Valkostir	Umhverfisþættir			
	Loftgæði	Úrgangur	Frárennsli	Menningarminjar
<i>Uppbygging skv. deiliskipulagi</i>	Við framkvæmd á nýjum húsakostum verður stuðst við loftræstikerfi sem dregur úr áhrifum starfseminnar á loftgæði og lykt. Áhrif því metin jákvæð.	Meðhöndlun á úrgangi verður áfram eins og áður, enda hafa breytingar ekki í för með sér verulega aukningu á úrgangi. Áfram verður unnið í samræmi við gildandi starfsleyfi. Áhifin eru metin óveruleg.	Við fyrirhugað deiliskipulag eru áhrif á frárennsli metin óveruleg þar sem gerðar eru ráðstafanir til þess að meðhöndla það frárennsli sem berst frá starfseminni	Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmd muni raska minjum á svæðinu. Mikilvægt er þó að ganga úr skugga um að svo sé áður en framkvæmdir hefjast.
<i>Óbreytt ástand</i>	Óbreytt ástand frá núverandi rekstri	Óbreytt ástand frá núverandi rekstri	Óbreytt ástand frá núverandi rekstri	Óbreytt ástand frá núverandi rekstri

Jákvæð áhrif	Neikvæð áhrif	Óveruleg áhrif	Engin áhrif
--------------	---------------	----------------	-------------

3.2 Vöktun

Starfsleyfi búsins til að starfrækja stofneldisbú telur upp atriðið sem rekstraraðili þarf að hafa eftirlit með. Felur það m.a. í sér eftirlit á hreinsibúnaði, framleiðslumagni og fóðurnotkun. Ekki er talin vera ástæða til að setja fram vöktunaráætlun þar sem umhverfisáhrif deiliskipulagsins eru í mesta lagi óveruleg miðað við núverandi starfsemi. Því er talið nægilegt að áfram verði vöktun og eftirlit í samræmi við gildandi starfsleyfi.

3.3 Niðurstaða

Áhrif af völdum deiliskipulagsins er ekki líkleg til að vera veruleg, þar sem er að mestu leyti verið að ræða um útfærslubreytingar á núverandi rekstri sem felur ekki í sér umtalsverða breytingu á starfseminni eða verulega fjölgun á fuglum. Áhrif á loftgæði eru metin jákvæð þar sem stuðst verður við öflugan loftræstibúnað og hann að einhverju leyti, endurnýjaður í núverandi húsakosti. Áhrif á úrgang eru talin óveruleg þar sem áfram verður stuðst við gildandi starfsleyfi og ekki er gert ráð fyrir breytingu í meðhöndlun og ráðstöfun á úrgangi. Áhrif skipulagsins á frárennsli eru metin óveruleg, þar sem þau verða sambærileg og við núverandi starfsemi. Engin áhrif verða á menningarminjar en mikilvægt er að ganga úr skugga um að svo sé vegna þekktra minja á svæðinu. Áfram verður farið eftir kröfum starfsleyfis varðandi vöktun og eftirlit. Heilt yfir mun starfsemin samræmast gildandi starfleyfum og fylgja þeim reglugerðum sem ná til slíkrar starfsemi.

4 HEIMILDASKRÁ

[1] Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

[2] Sveitarfélagið Ölfuss, „Deiliskipulagsuppráttur - Þórustaðir II. Ölfusi,“ 2018.

[3] Sveitarfélagið Ölfuss, „Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022,“ 2012.

[4] Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, „Starfsleyfi - Matfugl ehf.,“ Selfoss, 2012.

[5] Matvælastofnun, „Leyfi,“ 2015.

[6] „Lög um menningarminjar nr. 80/2012“.